



Atvinnuveganefnd Alþingis  
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 11. desember 2020

**Efni: Umsögn SA og SI um frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun og frumvarp til laga um Tæknipróunarsjóð, mál nr. 322 og 321/2020**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvörp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun og frumvarp til laga um Tæknipróunarsjóð, mál nr. 322 og 321/2020. Samtökin lýsa yfir fullum stuðningi við frumvörpin og áform stjórnvalda að efla nýsköpunarumhverfi, rannsóknir og þróun hér á landi enn frekar.

Umræddar breytingar eru í góðu samræmi við nýsköpunarstefnu stjórnvalda og taka einnig mið af stefnumótun Vísinda- og tækniráðs sem nýlega kom fram. Samtökin fagna auknum stuðningi við rannsóknir og nýsköpun sem koma m.a. fram í auknum framlögum til samkeppnissjóða, endurgreiðslu rannsókna- og þróunarkostnaðar auk stofnunar Kríu.

Samtökin styðja auk þess við breytingar sem gerðar eru á nýsköpunarumhverfi byggingariðnaðarins í þeim tilgangi að efla það og styrkja. Taka samtökin einnig heilshugar undir mikilvægi þess að koma á og halda uppi öflugum rannsóknum á sviði bygginga- og mannvirkjagerðar en allt of lítið fjármagn hefur runnið til slíkra verkefna á undanförunum árum. Það er löngu tímabært að framlög til byggingarrannsókna verði aukin og fagna samtökin því að komið verði á fót rannsóknarsjóði byggingarrannsókna.

Að lokum vilja samtökin benda á að frumvörpin hafa tekið jákvæðum breytingum frá því að þau voru fyrst birt á Samráðsgátt stjórnvalda fyrr á árinu og ný áform um að færa hluta af verkefnum Nýsköpunarmiðstöðvar til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eru góð. Það er auk þess jákvæð breyting að nú er gert ráð fyrir að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun í stað Tæknipróunarsjóðs annist umsýslu sérstaks sjóðs um byggingarrannsóknir undir stjórn ráðherra. Samtökin vilja þó í þessu samhengi leggja áherslu á að atvinnulífið er best til þess fallið að koma auga á og meta samfélagslegar áskoranir í byggingariðnaði hverju sinni. Í ljósi þessa telja samtökin mikilvægt að Samtök iðnaðarins hafi aðkomu að umræddum sjóði.

Virðingarfyllt,

Sigurður Hannesson,  
framkvæmdastjóri SI

Halldór Benjamín Þorbergsson  
framkvæmdastjóri SA